

Afkoma Íslandsbanka fyrsta ársfjórðung 2011

Afkoma Íslandsbanka fyrsta ársfjórðungs 2011 var samkvæmt óendurskoðuðum árshlutareikningi jákvæð um 3.586 milljónir króna og nema áætluð opinber gjöld tímabilsins 1.098 milljónum króna. Eiginfjárlutfall bankans var 27,4% sem er töluvert hærra en það 16% lágmark sem FME hefur sett bankanum. Arðsemi eiginfjár var 11,7%.

Helstu niðurstöður:

- Hagnaður bankans nam 3.586 m. kr. eftir skatta sem er það sama og fyrir sama tímabil síðasta árs.
- Áætluð opinber gjöld tímabilsins námu 1.098 m. kr. Þar af nam áætlaður tekjuskattur 865 m.kr., nýr bankaskattur 55 m. kr. og atvinnuþryggingagjald 178 m. kr.
- Hreinar vaxtatekjur námu 8.061 m. kr. samanborið við 9.149 m. kr. fyrir sama tímabil árið áður. Lækkun vaxta kemur m.a. til vegna lækkunar vaxtatekna af eigin fé og lækkunar vaxtamargínu af innlánnum.
- Nettó gjaldfærsla vegna endurmats lánasafnsins nam 664 m. kr. samanborið við 1.176 m.kr. fyrir sama tímabil árið áður.
- Almenn virðisryrnun nam 171 m. kr. samanborið við 561 m. kr. fyrir sama tímabil árið áður.
- Hreinar þóknatekjur námu 1.715 m. kr. samanborið við 1.624 m. kr. fyrir sama tímabil árið áður.
- Önnur fjármunagjöld námu alls 138 m. kr. samanborið við 385 m. kr. fyrir sama tímabil árið áður.
- Gengishagnaður tímabilsins nam 202 m. kr. samanborið við 127 m. kr. gengistap fyrir sama tímabil árið áður.
- Gjaldfært iðgjald á tímabilinu í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta var 467 m og er þar tekið tillit til væntanlegra breytinga á lögum sjóðsins. kr. Ekki er gjaldfært vegna framtíðarskuldbindinga við sjóðinn.
- Kostnaðarhlutfall tímabilsins var 52,9% samanborið við 40,4% á sama tímabili árið áður.
- Heildarstærð efnahagsreiknings í lok mars var 666 ma. kr. samanborið við 683 ma. kr. í árslok 2010.
- Arðsemi eigin fjár fyrir tímabilið var 11,7% samanborið við 15,3% á sama tímabili árið áður.
- Eiginfjárlutfall (total capital ratio) í lok mars nam 27,4% en það lágmark sem FME hefur sett bankanum er 16%. Eiginfjárlutfall í árslok 2010 var 26,6%.
- Heildarútlán til viðskiptavina og fjármálafyrirtækja námu um 529 ma. kr., en innlán námu um 410 ma. kr. Heildarútlán í lok árs 2010 námu 546 ma. kr og innlán 423 ma. kr.
- Hlutfall innlána af útlánnum var 77,4% í lok tímabils samanborið við 77,5% í árslok 2010.
- Eigið fé í lok mars var 124 ma. kr. samanborið við 121 ma. kr. í árslok 2010.
- Meðal stöðugildi samstæðunnar á tímabilinu voru 1.139 samanborið við 1.018 meðalstöðugildi á sama tímabili árið áður. Aukningin er m.a. tilkomin vegna nýrra dótturfélaga í samstæðunni á fyrsta ársfjórðungi ársins.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

„Rekstur bankans á fyrsta ársfjórðungi gekk vel og er uppgjörð í takt við áætlanir. Vinna að lausnum á skuldavanda einstaklinga og fyrirtækja sem og endurútreikningur á erlendum húsnæðis- og bílalánnum hafa verið stærstu verkefni þennan ársfjórðung. Jafnframt hefur verið unnið að fjölmörgum öðrum verkefnum. Má þar nefna að nýjar siðareglur og starfsreglur hafa tekið gildi, VÍB, eignastýringarþjónusta Íslandsbanka, var kynnt á markaðnum, Glacier, dótturfélag bankans í Bandaríkjunum fékk starfsleyfi frá þarlandum eftirlitsaðilum og hinn árlegi stefnufundur var haldinn með um 650 starfsmönnum og 150 viðskiptavinum. Endurreisnin hófst í bankanum fyrir rúmum tveimur og hálfu ári og við höldum ótrauð áfram.“

Nánari upplýsingar veita:

Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslandsbanka, sími: 844-3678

Tölvupóstur: ghh@isb.is

Sigrún Hjartardóttir, fjárfestatengsl, sími: 844-4748

Tölvupóstur: sigrun.hjartardottir@islandsbanki.is